

Eftirlit með merkingu vinnusvæða

Almennt

Með vinnusvæði þar sem krafist er sérstakra vinnustaðamerkinga (opið vinnusvæði) er átt við vinnusvæði eða flutningsleiðir að vinnusvæði þar sem almenn umferð fer um.

Umsjónarmaður/eftirlitsmaður gerir skipulega úttekt á merkingu vinnusvæða a.m.k. fyrir hvern verkfund. Nota skal meðfylgjandi gátlista við úttektina og gefin frádráttarstig samkvæmt listanum, sé merkingum ábótavant.

Fyrstu tvær úttektir skulu gerðar að verktaka viðstöddum og verða ekki gefin frádráttarstig fyrir þær úttektir þó frávik komi fram.

Úttektir

Við hverja úttekt sem gerð er á vinnustaðamerkingum skal fylla út meðfylgjandi gátlista. Á eyðublaðinu eru gefin upp möguleg frádráttarstig fyrir hvert úttektaratriði en samanlagt geta þessi stig flest orðið 100.

Fyrir hvern lið skal matið vera eftirfarandi:

Ef 85-100% einstaks liðar uppfylla kröfur (t.d. 9 af hverjum 10 merkjum eru með endurskin í lagi) er ekkert dregið frá.

Ef 60-84% uppfylla kröfur dragast 50 % af mögulegum frádrætti frá (t.d. ef 70% merkja eru óhrein dragast frá 50% af 16 stigum eða 8 stig) og ef minna en 60% uppfylla kröfur dragast frá öll stig undir viðkomandi lið.

Stigin eru síðan lögð saman og mynda þau einkunnir frá 0 til 10 þannig að fyrir ekkert frádráttarstig fæst einkunnin 10,0, fyrir 10 frádráttarstig fæst einkunnin 9,0, fyrir 40 frádráttarstig fæst einkunnin 6,0 o.s.frv.

VEGAGERÐIN			Eftirlit með vinnustaðamerkingum		Gátlisti	
Vegnr.:		Kaflanr.:	Vegheiti:			
Dreifbýli :	ÁDU > 2000		Verktaki:			
	ÁDU 100 - 2000					
	ÁDU < 100					
Þéttbýli :	Stofn- og tengibrautir		Dags:		Skoðað af:	
	Safngötur		Bráðabirgðamerki (H-merki), samkv. gögnum:		Fjöldi merkja til úttektar, samkv. gögnum:	
	Húsagötur				Stk.	
Lengd vinnusvæðis:			Tegund framkvæmdar:		Alls fjöldi merkja: 0	
ATHUGASEMDIR:						
		Já	Nei	Möguleg frádráttar-stig:	Fjöldi merkja	Gild frádráttar-stig:
Er til uppdráttur af merkingum				6		0
Miðað við fjölda samkv. gögnum.	Merki sem vantar			16		0
Staðstn. ekki samkv. samþ. merkingaáætlun	Röng staðsetning			12		0
Óhreinindi sem rýra endurskin merkja	Óhrein			16		0
Merki skemmd, rispuð, flögnuð eða óhrein.	Ófullnægjandi endurskin			12		0
Stöðugleiki, fókhetta, staða og snúningur	Óstöðug - hallandi - snúin			16		0
Merki ekki í rétttri hæð, samkv. gögnum.	Ófullnægjandi hæð			10		0
Merki illa sýnileg, t.d. eitthv. sem skyggir á	Merki sjást illa eða ekki			12		0
				Samtals stig:		0
Önnur úttektaratriði eftir því sem við á:						Aths.:
Er upplýsingatafla um framkvæmdir til staðar				0	Já	Nei
Eru skemmdir á vegi merktar á fullnægjandi hátt				12		
Umferðartafir, tímabundnar lokanir nægilega kynntar				10		
Hlé á framkv. samkv. reglum þ.e eru merkin hulin á fullnægjandi hátt.				6		
Er vinnusvæði afmarkað með bráðabirgðamerki (H-merki) með viðeigandi texta og merkjum eftir aðstæðum.				12		
Lok framkvæmda: Vinnumerki tekin niður og gildandi merki sett upp.				10		
Umsögn:				Samtals stig:		0
				Stig alls:		0
				Einkunn:		10,0
						(Hámark 100 stig)
						(Einkunn 0 - 10)

Dæmi um úttekt:

Athugasemdir eftirlitsmanns eru eftirfarandi: Fyrir liggur uppdráttur að merkingu vinnusvæðis, samtals skulu vera 20 merki.

Á staðnum eru 18 merki, 5 stk. óhrein, 7 stk. rangt staðsett, á einum stað er varasöm vegaskemmd sem ekki er merkt.

Mat á frádráttarstigum:

2 merki vantar $\Rightarrow 18/20 \cdot 100 = 90\% \Rightarrow 0\%$ af 16 stigum = 0 stig í frádrátt.

7 stk. rangt staðsett og merki sem vantar jafnframt metið sem rangt staðsett ($7+2 \Rightarrow 11$ merki eru í lagi) $\Rightarrow 11/20 \cdot 100 = 55\% \Rightarrow 100\%$ af 12 stigum í frádrátt eða 12 stig.

5 stk. eru óhrein og merki sem vantar jafnframt metin sem óhrein $\Rightarrow 13/20 \cdot 100 = 65\% \Rightarrow 50\%$ af 16 stigum í frádrátt eða 8 stig.

2 merki sem vantar telja einnig fyrir endurskin og aðra úttektarþætti, þ.e. 18 af 20 teljast uppfylla kröfur um endurskin, stöðugleika, halla o.s.frv., þ.e. $18/20 \cdot 100 = 95\%$ gefa 0% frádrátt eða 0 stig, fyrir aðra liði.

Slæm vegaskemmd er ekki merkt á fullnægjandi hátt sem gefur 12 frádráttarstig.

Heildarstigafjöldi er þannig $0+12+8+12+0+0+0+0 = 32$ frádráttarstig af 100 mögulegum sem gefur einkunnina $(100-32)/10 = 6,8$

VEGAGERÐIN			Eftirlit með vinnustaðamerkingum		Gátlisti				
Vegnr.:		Kaflanr.:	Vegheiti:						
Dreifbýli :	ÁDU > 2000		Verktaki:						
	ÁDU 100 - 2000		Dags:						
	ÁDU < 100		Skoðað af:						
Þéttbýli :	Stofn- og tengibrautir		Bráðabirgðamerki (H-merki), samkv. gögnum:	Stk.	Fjöldi merkja til úttektar, samkv. gögnum:	Stk.			
	Safngötur						20	Alls fjöldi merkja:	20
	Húsagötur								
Lengd vinnusvæðis:			Tegund framkvæmdar:						
ATHUGASEMDIR:			Já	Nei	Möguleg frádráttar-stig:	Fjöldi merkja	Gild frádráttar-stig:	Aths.:	
Er til uppdráttur af merkingum			x		6		0		
Miðað við fjölda samkv. gögnum. Merki sem vantar					16	2	0		
Staðstn. ekki samkv. samþ. merkingaáætlun Röng staðsetning					12	7	12		
Óhreinindi sem rýra endurskin merkja Óhrein					16	5	8		
Merki skemmd, rispuð, flögnuð eða óhrein. Ófullnægjandi endurskin					12		0		
Stöðugleiki, fókhetta, staða og snúningur Óstöðug - hallandi - snúin					16		0		
Merki ekki í réttri hæð, samkv. gögnum. Ófullnægjandi hæð					10		0		
Merki illa sýnileg, t.d. eitthv. sem skyggir á Merki sjást illa eða ekki					12		0		
Samtals stig:					20				
Önnur úttektaratriði eftir því sem við á:						Já	Nei	Aths.:	
Er upplýsingatafla um framkvæmdir til staðar					0				
Eru skemmdir á vegi merktar á fullnægjandi hátt					12		12		
Umferðartafir, tímabundnar lokanir nægilega kynntar					10				
Hlé á framkv. samkv. reglum þ.e eru merkin hulin á fullnægjandi hátt.					6				
Er vinnusvæði afmarkað með bráðabirgðamerki (H-merki) með viðeigandi texta og merkjum eftir aðstæðum.					12				
Lok framkvæmda: Vinnumerki tekin niður og gildandi merki sett upp.					10				
Umsögn:					Samtals stig:		12		
					Stig alls:		32 (Hámark 100 stig)		
					Einkunn:		6,8 (Einkunn 0 - 10)		